

# Ársskýrsla

## Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum 2015



## **Efnisyfirlit**

I. Ársskýrsla – inngangur .....	3
II. Nafn og stjórn .....	3
Stjórn RHLÖ var skipuð þannig:.....	3
III. Húsnæði RHLÖ .....	4
IV. Fundir.....	5
V. Verkefni ársins .....	5
VI. Vísindasjóður RHLÖ .....	6
VII. Fræðslunefnd RHLÖ .....	6
Fræðslufundir:.....	6
VIII. Styrktaraðilar .....	7
IX. Vísindavirkni.....	9
X. Viðaukar:.....	9
Viðauki 1 – Stofnskrá RHLÖ.....	10
Viðauki 2 – Fræðslufundir RHLÖ .....	12
Viðauki 3 - Vísindadagur RHLÖ.....	14
Viðauki 4 - Vísindavirkni.....	16

## I. Ársskýrsla – inngangur

Starfsemi Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss (RHLÖ) er samkvæmt stofnskrá RHLÖ (sjá viðauka 1). Megin hlutverk rannsóknastofunnar er að vera miðstöð í öldrunarfræðum og skapa aðstöðu til rannsókna, styðja við rannsóknir og fræðslu auk þess að stuðla að samvinnu og samstarfi fræðimanna innan Háskóla Íslands (HÍ) og Landspítala (LSH) sem tengjast öldrun.

Árið 2015 var starfsemin metnaðarfull og stöðugt leitast við að efla starfið. Í eftirfarandi skýrslu er starfsemi RHLÖ gerð skil. Fjallað er um þau verkefni sem rannsóknarstofan stóð að, hvort heldur að eigin frumkvæði eða sem samstarfsaðili. Það er von stjórnar RHLÖ að skýrslan upplýsi lesendur um starfsemi rannsóknarstofunnar.

## II. Nafn og stjórn

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum - skammstafað RHLÖ.

### **Stjórn RHLÖ:**

Ný stjórn var skipuð af stjórn LSH, forseta Heilbrigðisvísindasviðs (HVS)HÍ, stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands og af stjórn Félag íslenskra öldrunarlækna, á haustdögum 2015.

Fam á á haust sat eftirfarandi stjórn:

Pálmi V. Jónsson, formaður – fulltrúi Læknadeildar HÍ, forstöðumaður í öldrunarlæknisfræði.

Sigurbjörg Hannesdóttir – fulltrúi Öldrunarfræðafélags Íslands.

Ása Guðmundsdóttir – fulltrúi LSH

Rúnar Vilhjálmsson - fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar HÍ, forstöðumaður fræðasviðs í öldrunarhjúkrun

Sigurveig H. Sigurðardóttir – fulltrúi Félagsvísindasvið HÍ

Jón Eyjólfur Jónsson- Fulltrúi LSH

Guðlaug Þórsdóttir – Fulltrúi Félags Íslenskra öldrunarlækna

Fyrsti fundur ný skipaðrar stjórnar var haldinn í október.

### **Ný stjórn var skipuð eftirfarandi fulltrúum:**

Pálmi V. Jónsson, formaður – fulltrúi HVS, Læknadeildar HÍ.

Sigurbjörg Hannesdóttir – fulltrúi Öldrunarfræðafélags Íslands.

Ása Guðmundsdóttir – fulltrúi LSH

Kristín Björnsdóttir - fulltrúi HVS, Hjúkrunarfræðideildar HÍ.

Sigurveig H. Sigurðardóttir – fulltrúi Félagsvísindasvið HÍ

Jón Eyjólfur Jónsson- Fulltrúi LSH

Aðalsteinn Guðmundsson – Fulltrúi Félags Íslenskra öldrunarlækna

## **Starfsmenn:**

Ólöf Guðný Geirsdóttir verkefnastjóri

### **III. Húsnæði RHLÖ**

Húsnæði RHLÖ er staðsett á Landakot á L-5.

Aðstaða á RHLÖ er í öllum tilfellum tímabundinn og er gerður samningur við hvern og einn hvað varðar not á skrifstofuaðstöðu. Við doktorsnema á styrkjum frá sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala er gerður þriggja ára samningur en þó með þeim fyrirvara um framvindu verkefnis. Aðrir sem nýta aðstöðu RHLÖ eru á tímabundnum samningi vegna verkefna sem verið er að vinna að í tengslum við öldrunarrannsóknir.

Vísinda- og kennslusvið LSH hefur notað aðstöðu á L-5 fyrir ýmis námskeið í tengslum við starfsemi spítalans.

**Deildarstjóraherbergi - Skrifstofa RHLÖ – Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir, verkefnastjóri**

**Vakt herbergi – Fundarherbergi**

**Herbergi 9 – Dr. Milan Chang, faraldsfræðingur.** Tímabundinn samningur til eins árs

**Herbergi 8 – Dr. Alfons Ramel, næringarfræðingur.** Tímabundinn samningur til eins árs

**Herbergi 7 – Berglind María Jóhannesdóttir, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.** Leiðbeinandi er Hrefna Guðmundsdóttir sérfræðilæknir.

**Herbergi 6 – Sigrún Sunna Skúladóttir, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.** Leiðbeinandi er prófessor Laufey Steingrimsdóttir hjá Matvæla- og næringarfræðideild HÍ.

**Herbergi 5 – Hassan Bahaloochoreh, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.** Leiðbeinandi er prófessor Benedikt Helgason hjá ETH í Sviss

**Salur A – Unnur Diljá Teitsdóttir, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.** Leiðbeinandi er Jón Snædal yfirlæknir  
Anný Rós Guðmundsdóttir, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er Margrét Birna Andrésdóttir sérfræðilæknir.

**Salur B – Hrafnhildur Eymundsdóttir, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.** Leiðbeinandi er Milan Chang, lektor hjá HR.  
Steinunn Þórðardóttir, doktorsnemi við KI og öldrunarlæknir á Landakoti. Tímabundinn samningur til eins árs.

**Herbergi 4 – Bergþóra Baldursdóttir, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.** Leiðbeinandi er Ella Kolbrún Kristinsdóttir dósent erimitus frá HÍ.

**Herbergi 3 – Vísinda- og kennslusvið LSH**

**Herbergi 2 – Vísinda- og kennslusvið LSH**

**Herbergi 1 - Vísinda- og kennslusvið LSH**

## IV. Fundir

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, þó með hléi yfir sumarmánuðina. Auk þess var haldið áfram að vinna að framtíðarsýn rannsóknarstofunnar.

## V. Verkefni ársins

1. Fimmtudagsfræðsla var haldin mánaðarlega, bæði vor og haust (sjá viðauka 2 nánar hér fyrir neðan undir Fræðslunefnd).
2. Vísindadagur RHLÖ var haldinn 16. október í Hringisal húsnæði Landspítalans við Hringbraut. Yfirskrift dagsins var *Heyrnarskerðing aldraðra* (sjá dagskrá í viðauka 3).
3. Fyrsta föstudag hvers mánaðar eru haldnir deildarfundir með öllum sem þiggja aðstöðu á RHLÖ. Fundirnir eru haldnir í fundarherbergi L5 kl. 9-10. Fundirnir falla niður yfir sumarmánuðina.
4. Þriðja föstudag hvers mánaðar kl. 9-11 eru greinarfundir. Doktorsnemar halda utan um fundina og koma með greinar sem verða ræddar á þessum fundum. Allir sem hafa áhuga eru velkomnir og mega taka þátt í þessum fundum.
5. Húsnæðismál RHLÖ, unnið var að áframhaldandi úrbótum á húsnæði RHLÖ.
6. Meistaránám í öldrunarfræðum í samstarfi við Endurmenntun HÍ
7. Tveir doktorsnemar fengu aðstöðu á RHLÖ en þeir fengu doktorsstyrki til þriggja ára frá Styrktarsjóður Sjálfseignarstofnunar St. Jóseps.



Greinarfundur RHLÖ sem haldinn er þriðja föstudag hvers mánaðar. Talið frá vinstri, Unnur Diljá, Hassan, Alfons (Skype), Bergþóra, Berglind, Hrafnhildur og Sigrún Sunna.

## VI. Vísindasjóður RHLÖ

Megin markmið sjóðsins er að efla RHLÖ. Stjórn sjóðsins er heimilt að styrkja hvert það verkefni sem hún telur efla og gagnast rannsóknum í öldrunarfræðum. Sjóðurinn starfar samkvæmt skilmálum Dómsmálaráðuneytisins um slíka sjóði. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga á LSH annast fjárreiður og bókhald sjóðsins f.h. sjóðsstjórnar og skulu reikningar hans endurskoðast af ríkisendurskoðun. Sjóðurinn tekur við framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum en einnig eru gefin út minningarkort á vegum sjóðsins.

Vísindasjóðurinn styrkti Vísindadag RHLÖ sem var haldinn 16. október um kaffi og veitingar til fundargesta.

## VII. Fræðslunefnd RHLÖ

Guðlaug Þórsdóttir, öldrunarlæknir - formaður

Ása Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Ásta Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi

Guðrún Dóra Guðmansdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun

Helstu verkefni Fræðslunefndar er að skipuleggja fimmtudagsfræðslu RHLÖ og Vísindadag RHLÖ. (sjá viðauka 2 & 3 ) Fræðslunefnd hittist að jafnaði, mánaðarlega til að skipuleggja dagskrá fræðsluerinda. Haustönnin, fram að Vísindadegi er helsta vinna fræðslunefndar er að undirbúa Vísindadag RHLÖ. Á vísindadegi RHLÖ var fjallað um heyrnarskerðingu aldraða og var dagurinn styrktur af Vísindasjóði RHLÖ. Var notað fjarfundakerfi LSH þar sem sendur var út „linkur“ með dagskrá Fræðsludagsins þannig að allir sem höfðu aðgang að net tengdri tölvu gátu fylgst með dagskránni.

### Fræðslufundir:

Fræðslufundir fræðslunefndar RHLÖ voru haldnir á fimmtudögum kl. 14:45 – 16:00 í kennslusalnum á 6. hæð á Landakoti. Þar sem að 7. hæðin á Landakoti var lokað vegna lagfæringa var ekki hægt að senda út fræðsluerindin. Að jafnaði mættu 20-30 manns á fimmtudagsfræðsluna.

Almennt má segja að fræðslufundir hafi verið vel nýttir af fagfólki innan og utan spítalans, ásamt því að Vísindadagurinn var vel sóttur.

Mörg erindi bæði af höfuðborgarsvæðinu og utan af landi, hafa borist fræðslunefnd vegna þess að ekki er hægt að senda lengur fræðsluerindi með fjarfundarbúnaði þar sem fagfólki finnst miður að geta ekki fylgst með því sem Fimmtudagsfræðsla RHLÖ hefur upp á að bjóða.



**Dr. Sigurveig H. Sigurðardóttir kynnis þá sem fengu styrk frá Styrktarsjóð Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala**

## **VIII. Styrktaraðilar**

Styrktarsjóður Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala styrkir stöðu verkefnastjóra RHLÖ. Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala afhenti þann 15. apríl þrjá styrki til doktorsnáms við Háskóla Íslands tengda Rannsóknarstofu Landspítala og Háskóla Íslands í Öldrunarfræðum (RHLÖ).

Einn styrkur einskorðast við doktorsnema og leiðbeinendur við Háskóla Íslands og úrvinnslu gagna Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar (AGES-RS I og II) og gögn sem tengja mætti þeirri rannsókn sem unnin yrði í húsakynnum RHLÖ.

Allir styrkirnir eru til þriggja ára og eru einskorðaðir við doktorsnema á öldrunarfræðasviði og leiðbeinendur frá Háskóla Íslands og/eða Landspítala þar sem úrvinnsla gagna sé unnin í húsakynnum RHLÖ.

Dómnefnd var skipuð af Sigurveigu H. Sigurðardóttur, dósent við félagsráðgjafardeild HÍ (formaður), Helgu Ögmundsdóttur prófessor við læknadeild HÍ, Ingibjörgu Hjaltadóttur, dósent við hjúkrunarfræðideild HÍ og Kristjáni Erlendssyni, dósent við læknadeild HÍ.

Bergþóra Baldursdóttir sérfræðingur í sjúkrþjálfun, ásamt rannsóknarteymi fékk styrk fyrir verkefnið: *Jafnvægisstjórnun hjá einstaklingum sem hlotið hafa úlnliðsbrot í kjölfar byltu og áhrif skynþjálfunar*. Leiðbeinandi doktorsnema er Ella K. Kristinsdóttir, dósent emertius, Læknadeild HÍ. Í umsögn dómnefndar kom fram að rannsóknin gæti skilað þekkingu á gagnsemi forvarna gegn byltum og beinbrotum og með þeim hætti aukið lífsgæði og bætt þjónustu heilbrigðiskerfisins svo og dregið úr kostnaði sem hlýst af byltum og brotum.

Unnur Diljá Teitsdóttir, ásamt rannsóknarteymi fékk styrk fyrir verkefnið: *Mat á hæfni magnbundinna heilarita og mögulegra lífvísa í heila- og mænuvökva* til forspár um framvindu og greiningar á heilabilun. Leiðbeinandi doktorsnema er Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild HÍ. Í umsögn dómnefndar kom fram að rannsóknin undirstrikaði mikilvægi snemmgreiningar heilabilunar og leit leiða til að gera slíkar rannsóknir einfaldar til að minnka inngríp við sjúkdómsgreiningu

Laufey Steingrimsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringafræðideild HÍ, ásamt rannsóknarteymi fékk styrk fyrir verkefnið: *Hvað einkennir mjaðmarbrotahópin í öldrunarrannsókn Hjartaverndar*. Ekki lá fyrir hver doktorsneminn var við afhendingu styrksins. Í umsögn dómnefndar kemur fram að rannsóknarverkefnið mun geta nýst í forvörnum gegn mjaðmarbrotum í framtíðinni, bæði héraendis og erlendis. Þar sem rannsóknin nær til fleira þátta en flestar aðrar sambærilegar rannsóknir, og nær til stórs hóps aldraðra af báðum kynjum.

Styrktarsjóður Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, sem hefur það að markmiði að stuðla að þverfaglegum öldrunarrannsóknum við RHLÖ, mun auglýsa tvo doktorsnemastyrki lausa til umsóknar fyrir janúar 2016 bæði opna styrki og til áframhaldandi vinnslu á gögnum öldrunarrannsóknar Hjartaverndar. Doktorsnemar eða leiðbeinendur við allar deildir Háskóla Íslands og Landspítala geta sótt um styrkina.



**Prófessor Laufey Steingrimsdóttir, Unnur Diljá Teitsdóttir og Bergþóra Baldursdóttir, fengu styrk fyrir doktorsverkefni til þriggja ára frá Styrktarsjóð St. Jósefsspítala. Unnur Diljá með leiðbeinanda sínum, Pétur Henry Petersen dósent við læknadeild HÍ. Bergþóra Baldursdóttir með leiðbeinanda sínum, Ellu Kolbrúnu Kristinsdóttur dósent emiritus frá Sjúkraþjálfunardeild HÍ.**



## **IX. Vísindavirkni**

Sjá viðauka 4.

## **X. Viðaukar:**

1. Stofnskrá RHLÖ, endurskoðuð frá 2009
2. Dagskrá fræðslufunda RHLÖ 2015
3. Dagskrá Vísindadags RHLÖ 2015: *Heyrnarskerðig aldraða*
4. Vísindavirkni 2015

# Viðauki 1 – Stofnskrá RHLÖ

## Stofnskrá um Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum

*Uppfærsla III, 26. nóvember, 2009*

1. grein  
Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) er miðstöð í öldrunarfræðum stofnuð á ári aldraðra 1999. Sérhver vísindagrein, ein sér eða í samvinnu við aðrar greinar, getur átt aðild að rannsóknarstofunni, svo fremi að viðfangsefni hennar lúti að öldrun.
2. grein  
Rannsóknarstofan er kennd við Háskóla Íslands og Landspítala og er rekin í samvinnu við öldrunarlækningadeild Landspítala (LSH) og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Aðsetur rannsóknarstofunnar er í húsakynnum Rannsóknarseturs Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala í Öldrunarfræðum. Landspítali greiðir stofnkostnað og rekstrarkostnað að því marki sem kveðið er á um í 8. grein stofnskrárinnar. LSH ber ábyrgð á rekstri og skuldbindingum rannsóknarstofunnar.
3. grein  
Hlutverk Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum er
  - a. að vera miðstöð rannsókna á sviði öldrunarfræða er geta tekið til heilbrigðisþátta, félagslegra þátta, fjárhagslegra þátta, og annarra þátta er tengjast lífsgæðum .
  - b. að stuðla að samvinnu fræðimanna Háskóla Íslands sem eiga það sammerkt að vinna að öldrunarrannsóknum.
  - c. að hafa áhrif á þróun kennslu í öldrunarfræðum innan Háskóla Íslands.
  - d. að skapa heimili fyrir rannsóknarverkefni á sviði öldrunar.
  - e. að stuðla að útgáfu öldrunarfræðiritra.
  - f. að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofur, félög, einstaklinga og opinbera aðila, sem starfa á sviði öldrunar innanlands og utan.
  - g. að hafa forgöngu um að afla styrkja eða fjárveitinga til öldrunarrannsókna og veita upplýsingar um hugsanlega styrktaraðila.
  - h. að standa fyrir námskeiðum fyrir fagfólk í öldrunarþjónustu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.
  - i. að veita fagfélögum í öldrunarmálum þjónustu eftir nánara samkomulagi
  - j. að sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. grein  
Stjórn rannsóknarstofunnar er skipuð sjö fulltrúum til fimm ára í senn. Skal forsvarsmáður öldrunarlækninga innan Læknadeildar Háskóla Íslands eiga sæti í stjórninni og einn fulltrúi tilnefndur af hjúkrunarfræðideild HÍ. Skal annar þeirra vera formaður stjórnar að ákvörðun heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Framkvæmdastjórn Landspítala skipar tvo fulltrúa í stjórn og skal annar þeirra vera frá öðrum faggreinum en lækningum eða hjúkrun. Félagsvísindasvið HÍ, fagdeild Öldrunarfræðafélags Íslands og Félag íslenskra öldrunarlækna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórn. Stjórnin velur sér ritara og skal funda hið minnsta fjórum sinnum á ári en oftast ef ástæða er til. Við ákvarðanatöku ræður einfaldur meirihluti stjórnar.
5. grein  
Stjórnin gerir starfs- og rekstraráætlanir og ræður starfsfólk til rannsóknarstofunnar svo að markmið hennar náist.

6. grein  
Rannsóknaverkefni sem unnin eru á öldrunarlækningadeild Landspítala skulu tengjast RHLÖ. Í þessu felst aðgangur að aðstöðu rannsóknarstofunnar og þeirri þjónustu og þeim stuðningi sem þar er að fá eftir nánari ákvörðun stjórnar rannsóknarstofunnar. Viðbótarkostnaður sem til fellur vegna einstakra verkefna skal borinn af viðkomandi verkefni, sbr. 7. grein. Rannsóknirnar munu koma fram í yfirliti yfir starfsemi rannsóknarstofunnar en hver rannsókn er sjálfstæð og lýtur stjórn og er á ábyrgð viðkomandi rannsækenda.
7. grein  
Rekstur rannsóknarstofunnar ákvarðast af þeim tekjum sem rannsóknarstofan aflar, en þær geta verið:
- Rekstrartekjur af einstökum rannsóknarverkefnum.
  - Styrkir.
  - Tekjur af útgáfustarfsemi.
  - Greiðslur fyrir veitta þjónustu við fagfélög og utanaðkomandi stofnanir.
  - Tekjur af námskeiðshaldi.
  - Aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Verði ráðinn starfsmaður í fast starf við rannsóknarstofuna verður hann starfsmaður öldrunarlækningadeildar Landspítala en launakostnaður greiðist sjúkrahúsinu af tekjustofnum rannsóknastofunnar. Heimilt er að ráða einstaklinga í tímabundin verkefni sem verktaka fyrir rannsóknastofuna, enda stendur rannsóknastofan straum af rekstrarkostnaði.

8. grein  
Fjármálasvið Landspítala annast bókhald og árlegt uppgjör starfseminnar og endurskoðandi sjúkrahússins yfirfer ársreikninga RHLÖ. Ársskýrsla er gerð um starfsemi rannsóknarstofunnar og birt á vef öldrunarlækningadeildar Landspítala. Landspítali leggur rannsóknarstofunni til húsgögn og tölvubúnað ásamt með almennum rekstri húsnæðisins og tölvubúnaðar. Framlög þessi eru án endurgjalds til LSH.
9. grein  
Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum er heimilt að nota merki LSH og Háskóla Íslands í samskiptum og á bréfsfni.
10. grein  
Stofnskrá þessi (III) öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn Landspítala og stjórn heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands hafa samþykkt hana. Landspítali og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands geta samþykkt breytingar á stofnskrá ef báðir aðilar samþykkja breytingarnar.
11. grein  
Stjórn RHLÖ getur haft frumkvæði að endurskoðun stofnskrár þessarar ef aðstæður breytast.

Stofnskrárviðauki: yfirlit yfir framlög Landspítala til RHLÖ

## Viðauki 2 – Fræðslufundir RHLÖ



### Fræðslufundir á vegum rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum – RHLÖ

Vorönn 2015

**Haldnir í kennslusalnum 7. hæð á Landakoti fyrsta  
fimmtudag hvers mánaðar kl. 14:45-15:30**

8. janúar ***Byltuvarnir í umönnun***  
*Dr. Ella Kolbrún Kristinsdóttir sjúkraþjálfari og Bergþóra Baldursdóttir sérfræðingur í öldrunarsjúkraþjálfun*
5. febrúar ***„Er amma komin aftur“ Hjúkrunarráðgjöf fyrir aldraða sem koma á bráðamóttöku***  
*Hlíf Guðmundsdóttir, Helga Rósa Másdóttir, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Lovísa Agnes Jónsdóttir*
5. mars ***Gæði verkjameðferðar fyrir aldraða á sjúkrahúsi***  
*Dr. Sigríður Zoëga sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með verki*
9. apríl ***MA –kynning***  
***Nota félagsráðgjafar gagnreyndar aðferðir?***  
*Sirry Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafanemi*
7. maí ***Kviði og þunglyndi aldraðra***  
*Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur hjá Reykjavíkurborg*

*ATH. Ekki er hægt að senda fræðslufundi út með fjarfundarbúnaði*

Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum  
Landakot L-5 101 Reykjavík Ísland sími 543-9898

# Fræðslufundur á vegum rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum – RHLÖ

Haustönn 2015

Haldnir í kennslusalnum 6. hæð á Landakoti fyrsta  
fimmtudag hvers mánaðar kl. 14:45-15:30

3. september **MA – kynning - Aðstæður aldraðar sem fengu  
synjun á færni- og heilsumati fyrir búsetu á dvalar-  
og hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu árið  
2013 2014**  
Guðbjörg Garðarsdóttir, félagsráðgjafi
1. október **Punglyndi & kvíði hjá öldruðum**  
Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur
16. október **Vísindadagur RHLÖ**  
Heyrn og heyrnarskerðing hjá öldruðum....
5. nóvember **Óráð/ bráðarugl: greining, forvarnir og meðferð.  
Kynning á nýjum klínískum leiðbeiningum.**  
Elfa Þöll Grétarsdóttir, sérfræðingur í  
öldrunarhjúkrun
3. desember **MA – kynning - Nota félagsráðgjafar gagnreyndar  
aðferðir?**  
Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi

## Viðauki 3 - Vísindadagur RHLÖ

# Vísindadagur RHLÖ 2015 Heyrnarskerðing aldraðra

Föstudaginn 16. október 2015 í Hringisal LSH við  
Hringbraut

**13:30– Setning Vísindadags**

Guðlaug Þórsdóttir, sérfræðingur í öldrunarlækningum

**13:35– Heyrnarskerðing eldri borgara**

Einar Hjaltested Sérfræðilæknir HNE

**14:05- Endurhæfing heyrnarskertra**

Kristbjörg Gunnarsdóttir Heyrnarfræðingur hjá Heyrna- og talmeinstöð Íslands (HTÍ)

**14:35– KAFFI og sýning á hjálpartækjum**

**15:10– Áhrif heyrnarskerðingar á lífsgæði aldraðra**

Drífa Björk Guðmundsdóttir, sálfræðingur við vefrænar deildir LSH & HTÍ

**15:40– Heyrnarleysi í lífi og starfi**

Heiðís Dögg Eiríksdóttir Hjúkrunarfræðingur – Verður túlkað

**16:00 – Vísindadegi slitið**

**Fundarstjóri:** Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraða

**Vísindadagurinn verður sendur út í gegnum**

<https://meet.LSH.IS/hringsalur/V1CHGAPK>

Hægt er að opna fjarfundinn í öllum söllum spítalans með því að tvísmella á möppuna "Fjarfundir" á skjáborðinu, og þar á möppu með sama heiti og salurinn sem fundurinn er haldinn í. Því næst er tvísmellt á réttan fjarfund og mun fjarfundurinn þá opnast.

# Aðgangur ókeypis

**Fræðslunefnd RHLÖ:**

Guðlaug Þórsdóttir formaður

Guðrún Dóra Guðmannsdóttir

Jón Eyjólfur Jónsson

Ása Guðmundsdóttir

Ásta Guðmundsdóttir

## Viðauki 4 - Vísindavirkni

### Vísindavirkni 2014

#### Forstöðumaður: Pálmi V. Jónsson prófessor

Rannsóknir í öldrunarfræðum undir formerkjum Rannsóknarstofu í öldrunarfræðum snerta margar klínískar spurningar og faraldsfræði í víðum skilningi.

### Verkefni unnin innan RHLÖ

1. „Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar“. Berglind María Jóhannsdóttir, doktorsnemi hjá Dr. Hrefna Guðmundsdóttir nýrnalæknir er ábyrgðarmaður rannsóknar hrefnag@landspitali.is
2. „What predisposes to hip fracture?“ doktorsnemi hjá Dr. Benedikt Helgason, verkfræðingur, bhelgason@ethz.ch
3. „Study of the association of kidney function with uric acid and advancing age?“ Anný Rós Guðmundsdóttir, doktorsnemi hjá Dr. Margrét B Andrésdóttir, sérfræðilæknir mband@landspitali.is
4. „The association of vitamin D and cognition in older people living in Iceland“ Hrafnhildur Eymundsdóttir, doktorsnemi hjá Dr. Milan Chang Guðjónsson.
5. „Jafnvægisstjórnun hjá einstaklingum sem hlotið hafa úlnliðsbrot í kjölfar byltu og áhrif skynþjálfunar“. Bergþóra Baldursdóttir, doktorsnemi hjá Ellu K. Kristinsdóttir, dósent emertius, Læknadeild HÍ.
6. „Mat á hæfni magnbundinna heilarita og mögulegra lífvísa í heila- og mænuvökva til forspár um framvindu og greiningar á heilabilun“. Unnur Diljá Teitsdóttir. Leiðbeinandi doktorsnema er Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild HÍ.
7. „Hvað einkennir mjaðmarbrotahópurinn í öldrunarrannsókn Hjartaverndar“. Sigrún Sunna Skúladóttir, doktorsnemi. Leiðbeinandi er Laufey Steingrímsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringafræðideild HÍ.
8. Íhlutun með æfingar hjá eldri borgurum í Gerðubergi og Skógarbæ - mat á vitrænni getu og hreyfifærni ábyrgðarmaður verkefni er Milan Chang
9. IceProQualita, úrvinnsla gagna. PhD verkefni Ólöf G Geirsdóttir
10. Næringarástand og mat á þáttum sem hafa áhrif á næringarástand sjúklinga á öldrunardeildum LSH. MS verkefni - Ólöf G Geirsdóttir ábyrgðarmaður
11. N-Dime er norrænn hópur sem er að skoða þætti sem hafa áhrif á næringarástand aldraða á heilrænan hátt - Alfons Ramel er íslenski tengillinn alfonsra@hi.is
12. Innovation Centre fund. <http://www.nordicinnovation.org/is/styrkir/nordic-marine-innovation-programme-20/>. Íslenskir rannsakendur, Alfons Ramel, Ólöf G Geirsdóttir og MATÍS
13. NordForsk fund. <http://www.nordforsk.org/en/news/nordforsk-invests-nok-140-million-in-research-on-inequalities-in-the-distribution-of-health-and-welfare> ábyrgðarmaður Johan Fritzell. Ísland - Alfons Ramel, Ólöf G Geirsdóttir, Sigurveig H Sigurðardóttir og Milan Chang. Íslenski tengiliðurinn er Sigurveig [sighsig@hi.is](mailto:sighsig@hi.is)
14. IBEN-C evrópurannsókn. <http://www.ibenc.eu/news-and-events/> Ábyrgðarmaður á Íslandi er Pálmi V Jónsson



## Styrkir

### Vísindasjóður Landspítala

*Alfons Ramel* næringarfræðingur. Nemi/meðumsækjandi: Hrafnhildur Eymundsdóttir doktorsnemi. Heiti verkefnis: Samband D-vítamíns búskapar við vitræna getu meðal eldra fólks á Íslandi. Samstarfsaðilar: Pálmi V. Jónsson yfirlæknir og prófessor, öldrunarlækningadeild, flæðissvið, Lárus St. Guðmundsson sérfræðingur hjá Landlækni og lektor við lyfjafræðideild HÍ, Þórhallur Ingi Halldórsson faraldsfræðingur og deildarforseti, Matvæla- og næringarfræðideild HÍ. Gunnar Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor, Lenore J. Launer, National Institute on aging, Milan Chang Gudjonsson faraldsfræðingur á RHLÖ, Vilmundur Guðnasson prófessor, Hjartavernd og HÍ, Tamarra B. Harris, NIA Styrkur: 335.000 Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2015-001

Erna Sif Arnardóttir, Þórarinn Gíslason, *Jón G Snædal*, Sólveig Rósa Davíðsdóttir, Kristín Hannesdóttir, Arndís Valgarðsdóttir, Annie Arvidsson. Líffræðileg merki súrefnisálags, bólgusvörunar og taugahrönnunar hjá einstaklingum með ómeðhöndlaðan kæfisvefn.

*María K. Jónsdóttir* taugasálfræðingur. Minnismóttaka á Landakoti, geðsvið. Heiti verkefnis: Íslensk þýðing, staðfæring og réttmætisprófun á Addenbrooke prófinu fyrir iPad (ACE-III mobile). Samstarfsaðilar: Brynhildur Jónsdóttir, MS í sálfræði. Læknar og hjúkrunarfræðingar á minnismóttöku. Styrkur: 370.000. Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2015-055

*Milan Chang Guðjónsson* faraldsfræðingur. Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og LSH í öldrunarfræðum, flæðissvið Heiti verkefnis: Vitræn geta hefur forspárgildi um aukinn gönguhraða hjá heilbrigðum öldruðum einstaklingum sem stundað hafa styrktarþjálfun í tólf vikur. Samstarfsaðilar: Pálmi V Jónsson, yfirlæknir og prófessor. Alfons Ramel, vísindamaður, Rannsóknarstofa í næringarfræði. Ólöf Guðný Geirsdóttir næringarfræðingur, verkefnastjóri, Rannsóknarstofa í næringarfræði. Inga Þórsdóttir prófessor við HÍ. Styrkur: 210.000. Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2015-057

*Ólöf Guðný Geirsdóttir* næringarfræðingur. Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum, flæðissvið. Nemi/meðumsækjandi: Elínborg Hilmarsdóttir meistaranemi Heiti verkefnis: Áhrif mataræðisíhlutana á einkenni ADHD í börnum – forrannsókn Samstarfsaðilar: Bryndís Eva Birgisdóttir. Rannsóknarstofa í næringarfræði dósent, matvæla- og næringarfræðideild HÍ. Bertrand Lauth sérfræðilæknir, barna- og unglingsgeðdeild og lektor við læknadeild HÍ. Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild HÍ. Sigurveig Sigurðardóttir, sérfræðilæknir í ofnæmislækningum á Landspítala. Ingibjörg Karlsdóttir F. félagsráðgjafi og lýðheilsufræðingur á BUGL. Styrkur: 400.000. Númer styrksins hjá Vísindasjóði: A-2015-062

### Minningarsjóður Helgu og Sigurliða

Berglind María Jóhannsdóttir við Háskóla Íslands fyrir verkefnið „Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar“

Milan Chang. „Vitræn geta hefur forspárgildi um aukinn gönguhraða hjá heilbrigðum öldruðum einstaklingum sem stundað hafa styrktarþjálfun í tólf vikur.“

Hrafnhildur Eymundsdóttir við Háskóla Íslands fyrir verkefnið „The association of vitamin D and cognition in older people living in Iceland“

Ólöf Guðný Geirsdóttir. „Næringarástand sjúklinga á öldrunardeild - viðhorf sjúklinga og nýting fæðis frá eldhúsi“

Unnur Diljá Teitsdóttir. „Mat á hæfni magnbundinna heilarita og mögulegra lífvísa í heila- og mænuvökva til forspár um framvindu og greiningar á heilabilun“.

### **Styrktarsjóður Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala**

Dr. Benedikt Helgason við Institute for Biomechanics við ETH-Zurich sem er leiðbeinandi doktorsefnis verkefnisins “*What Predisposes a Hip to Fracture?*” (10. milljónir til þriggja ára)

Berglind María Jóhannsdóttir við Háskóla Íslands fyrir verkefnið „Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar“ (10. milljónir til þriggja ára)

Margrét Birna Andrésdóttir „*Study of the association of kidney function with uric acid and advancing age?*“

Hrafnhildur Eymundsdóttir „The association of vitamin D and cognition in older people living in Iceland“

Bergþóra Baldursdóttir „Jafnvægisstjórnun hjá einstaklingum sem hlotið hafa úlnliðsbrot í kjölfar byltu og áhrif skynþjálfunar“

Unnur Diljá Teitsdóttir „Mat á hæfni magnbundinna heilarita og mögulegra lífvísa í heila- og mænuvökva til forspár um framvindu og greiningar á heilabilun“

Prófessor Laufey Steingrímsdóttir „Hvað einkennir mjaðmarbrotahópin í öldrunarrannsókn Hjartaverndar“

### **Styrktarsjóður Háskóla Íslands**

Ólöf G Geirsdóttir - Samband D -vítamíns búskapar við vitræna getu meðal eldra fólks á Íslandi.

## **Nemaverkefni**

### **Meistaraneimar**

Björk Bragadóttir: Heilsulæsi heilbrigðra aldraðra. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Leiðbeinendur Sigurveig H Sigurðardóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir.

Brynhildur Jónsdóttir. Væg vitræn skerðing metin með taugasálfræðilegu mati og heilariti, eftirfylgd ári síðar. Sálfræðideild, Háskóla Íslands. Leiðbeinendur: María K. Jónsdóttir, Jón Snædal.

Elínborg Hilmarsdóttir. Næringarfræði, Háskóla Íslands. Áhrif mataræðisíhlutana á einkenni ADHD í börnum – forrannsókn. Leiðbeinendur: Ólöf Guðný Geirsdóttir, Bryndís Eva Birgisdóttir, Bertrand Lauth, Inga Þórsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Ingibjörg Karlsdóttir.

Elísabet Reynisdóttir. Mannrækt- rækt líkama og sálar. Matvæla- og næringarfræðideild, Háskóla Íslands. Leiðbeinendur: Ólöf Guðný Geirsdóttir, Alfons Ramel.

Erna Sif Óskarsdóttir. Áhrif næringar og næringrástands í parkinson. Matvæla- og næringarfræðideild, Háskóla Íslands. Leiðbeinendur: Ólöf Guðný Geirsdóttir, Alfons Ramel.

